



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

### ***Endurhönnun gatnamóta á Höfðabakka í tengslum við endurnýjun umferðarljósa 2023***

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna vegna endurhönnunar á Höfðabakka í samræmi við meðfylgjandi forhönnunarteikningar sem sýna m.a. að hægribeygjuframhjállaup verði fjarlægð á gatnamótum Höfðabakka við Bíldshöfða og við Bæjarháls.

Greinargerð:

Unnið er að undirbúningi þess að endurnýja umferðarljósabúnað á Höfðabakka og gatnamótum Bíldshöfða og Breiðhöfða. Um er að ræða búnað sem er kominn til ára sinna og getur ekki tengst miðlægni stýritölvu umferðarljósa.

Samhliða endurnýjun á búnaði eru ljósastýringar yfirfarnar og eftir atvikum, skynjurum bætt við, forgangskerfi Strætó og neyðarbíla innleitt og lagfæringar gerðar á nánasta umhverfi, sérstaklega m.t.t. aðgengis og öryggis óvarinna vegfarenda. Lagfæringar á umhverfi eru almennt séð minniháttar lagfæringar t.d. á kantsteinum, gerð leiðarlína og varúðarsvæðis. Markmið breytinganna er að bæta umferðaröryggi óvarinna vegfarenda m.a. með því að stytta leið þeirra yfir götu en einnig að bæta skilvirkni gatnamótanna með bættri ljósastýringu sem verður möguleg með nýjum búnaði.

Gatnamótin sem um ræðir eru eftirtalin og eru öll gatnamótin sem tengjast Höfðabakka hluti af endurnýjun búnaðar á skilavegum frá Vegagerðinni og því samvinnuverkefni með Vegagerðinni:

- Bíldshöfði - Breiðhöfði
- Höfðabakki – Bíldshöfði
- Höfðabakki – Bæjarháls
- Höfðabakki – Dvergshöfði
- Höfðabakki – Stekkjarbakki
- Höfðabakki – Stórhöfði
- Höfðabakki – Vesturlandsvegur

Stærri breytingar eru lagðar til á gatnamótum Höfðabakka við Bíldshöfða og við Bæjarháls þar sem lagt er til að hægribeygjuframhjállaup verði fjarlægð til að bæta aðgengi og öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda á gatnamótunum. Á þeim stöðum þar sem þessi ráðstöfun er lögð til er í dag töluverð umferð gangandi og hjólandi vegfarenda.

Áætlað er að framkvæmdir við endurnýjun umferðarljósabúnaðar hefjist í ár en ljúki á því næsta. Áætlaður heildarkostnaður við búnað, uppsetningu og tengdar framkvæmdir er um 250 m.kr. Greiðir Reykjavíkurborg um tvo þriðju hluta og Vegagerðin um einn þriðja í samræmi við eignarhlut.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*samgöngustjóri*

Hjálagt:

- 1) Forhönnun breytinga á gatnamótum Höfðabakka og Bíldshöfða
- 2) Forhönnun breytinga á gatnamótum Höfðabakka og Bæjarháls

